

Islenzkt manntal í Winnipeg.

Herra ritstjóri Hkrj.

Mér þykir vænt um, að þú hefir farið mál á því í blaði þínu, að reynt yrði að komast eftir, hve margir Islendirar eru hér í borginni.

Mér datt þetta í hug fyrir nokkrum árum, og var kominn á fremsta stig, að byrja á því sjálfur — eins og veterinn, þegar ég var íðjulaus. Eg hafði ásett mér, að "húsvitja" þar sem von var til að einhver Islendirur væri. En eg sá, að þetta var of mikið verk fyrir einn mann, og á ekki svo mikið sem eitt raunt cent í aðra hönd.

En eg gaist þó ekki alveg upp, og fór að safna skýrslum um það, hvað margir Islendirar væru giftir konum af öðrum þjóðlokkum en sínum eigin. Sömuleiðis, hvað margar Islenzkur konur væru giftar öðrum en Isendingum.

En brátt komst eg að því, að hér var ekki við, lambið að leika sér. Orðugleikarnir voru óteljandi. Mér var til dæmis sagt af frú Jones, að frú Ryan væri Islenzka, en eg komst að raun um, að svo var ekki. Líka varð eg þess var, að sumar konur höfnuðust ekki við að vera Islenzkur, þó eg vissi upp á háir, að þar væru það. Og til þess að sanna sögu mína, vil eg skýra hér frá áhntýri, er eitt sinn kom fyrir mig hér í bænum, og gæti eg frá mörgum fleiri sagt.

Eitt sinn fékk hælendur maður, æm Smith hét (og var uppboðshaldari hér í bænum í mörg ár) mig til að gjöra við 4 hús, hér í bænum. Viðgjörðin var inni í öllum þessum húsum, og hafði eg því gott tækifæri til að spjalla við konurnar, því búið var í öllum þessum húsum. Í einu húsinu voru tær konur, og kallaði yngri konan þá hina eldri móður sína. Sú hin eldri leit út fyrir að vera um fimmtugt, en sú yngri 24-25 ára, og átti hún einn dreng svo sem ársgamlan. Sagði hún mér, að hún hafi Mrs. Ford, og bæði hún og maður hennar væru skólk. Kona þessi var bæði fríð sjúnum og hin myndarlegasta, og sömuleiðis móðir hennar. En eg heyrði undir eins á mæli hennar, að hún væri ekki skólk. Hún talaði vel ensku, en mátti þó heyra, að enskan væri ekki hennar móðurmál. En sú yngri talaði, einsog hún væri fædd og uppalin hér í landi, en ekki á Skotlandi.

Eftir hádegis bjó Mrs. Ford sig í betri fótin og fór út með dreng sinn, og setti hann í reið, er hún ýtti á undan sér. Þegar hún var farin, sagði eg við þá eldri:

"Dóttir þín segir, að þú mæðgurnar séu skólkur".

"Já, svartaði konan og var heldur daufl í bragði.

"En eg er viss um, að þú ert ekki frekar skólkur en eg. Er ekki tilgáta mín rétt? Eg bið þig að fyrirgefa mér þessa forvitni mína".

Hún þagði dálitla stund, en sagði síðan: "Þú hefir rétt að mæla, eg er ekki skólkur".

"Eg skýldi helst myndu mér, að þú værir norsk", sagði eg, en hún hristi höfuðið.

"Ertu þá sansk?" spurði eg enn. Hún hristi kollinn einsog fyr.

"Þá ertu líka Islenzka", sagði eg. Hún þagði dálitla stund og sagði síðan: "Já, eg er Islenzka".

En hún var dýpur í bragði og eg þóttist sjá, að henni var þvernaðugt, að kannast við það.

"Eg er líka Islenzkur", sagði eg, og þá glöðaði að minn yfir henni. Og fór eg nú að tala við hana á Islenzku, og var einsog hún skammaðist sín fyrir það. En af því, að engir heyrðu til okkar, lét hún það samt gott heita.

"Hvað heitir þú?" spurði eg. "Mrs. Sherrin" (eða Sherrwin).

"Gott og vel", sagði eg, "en hvert er skirnarnafn þitt?" spurði eg enn.

Sagði hún mér nú, að hún hafi Sigríður og væri úr Skagafirði. Væri nú ekki og hefði átt enskan mann. Spurði eg hana þá að hvort þessi dóttir hennar væri eftir það hjónaband. En hún ávað nei við því, og sagði, að fátíð hennar hefði verið Islenzkur. Ált þetta sagði hún við mig á Islenzku.

Ná féll talið niður, og leið góð stund, þar til dóttir hennar kom heim. Fór nú gamla konan með dóttur sína afsíðis og talaði við hana í hállum hljóðum. Eftir litla stund kom frú Ford til mín og segir (á ensku): "Í öllum guðanna bænum máttu ekki láta meina vita það, að við móðir mín séum Islenzkur".

"Því þá ekki?" spurði eg.

"Oh, well, það er nú orðið of seint að kannast við það, úr því

við alfróðum fyrir margum árum síðan að selmast skólkur".

En þvílík heimaska, að afsæta sínu eigin þjóðerni! Islendirar eru ekki eins góðir og Skotlar, heldur mikið betri, og standa þeim framar í flestum greinum. Ekki nema það þó, að segja hana móður þína skólk! Það væri villans maður, sem ekki heyrði það á mæli hennar, að hún á ekkert skylt við Skotana", sagði eg.

"Finst þér það? Eg get ekki heyrð það á mæli hennar", sagði fróin, og var einsog á nálu.

Eg sagði nú frúnni, að eg hefði heyrð það á málari móður hennar undir eins og hún hefði opnað á sér munninn, að hún væri annaðhvort Islenzka eða norsk. Sagði ist eg vera alveg hissa á henni, að vilja heldur vera skólk en Islenzka. Kvað eg Skota þá auðvirðilegustu menn á jörðinni, að undanteknum Gvöngunnar. Þetta gjörði eg til að stríða henni sem mest.

Fór eg nú að tala við hana á Islenzku um hitt og þetta, og féll allt í hjóla með okkur. Hún talaði líka á Islenzku alveg fyrirstöðulaust, en sagði þó við mig: "O, talaðu ekki hátt. Eg má ekki láta fólk sé: næstu dýrum heyrna, að í þessu húsi sé tölus útlend tunga".

Við skildum þéttu vinir, og það síðasta, sem hún sagði við mig var þetta: "Í öllum bænum segðu ekki frá því, að við móðir mín séum Islenzkur. Það er nú um seintan. Já, of seint, of seint". Og eg sá og heyrði nú á henni, að hún íðraðist eftir öllu saman.

Eg hafði safnað rúmum 70 nöfnum Islenzka kvenna hér í Winnipeg, þegar eg hatti við. Þetta verk var svo erlitt viðfangs og af sumum illa þokkað, kallaður slettirekuskapur, mont og annað þvílíkt.

En eg held mér hafi tekið, að ná nöfnum allra þeirra Islenzka, sem giftir eru konum af öðrum þjóðlokkum en Islenzkum.

Islendirar tel eg þá menn, sem fæddir eru hér í állu, og eiga bæði foreldri Islenzka. Eg sleppi öllum nöfnum, en segi frá þjóðerni hverrar konu, og er það á þessa leið:

Fæddar og uppaldar í Canada af brezkum ættum, svo sem írskum, skózkum eða enskum, eða velskum ættum	8
Fæddar í Canada af frönsk-ættum	2
Fæddar á Frakklandi	1
Fæddar á Skotlandi	1
Fæddar sanskar	2
Fæddar danskar	1
Fæddar norskar	1
Fæddar írskar	2
Fæddar í Ameríku af þýzku kyni	2
Dönsk	1
Amerískar (Bandaríkja)	2
Samtals	25

Svo eru þar fyrir utan fáeinir Islendirar, sem eiga hálf-Islenzkar konur, þ.e. konur, sem Islenzkur eru í aðra ættina, en fæddar hér í landi.

Á öllum þeim hjónaböndum, þar sem konan er ekki Islenzka, veit eg ekki betur, en ált hafi farið vel, nema í einu tilfalli, en þar er konan ekki enskumalandi. En þetta er ekki hægt að segja, þar sem Islenzka kona er annarsvegar, en enskumalandi maður hins vegar, og er það sönnun fyrir því, að mik íð dýgðugi en enskumalandi karlþjóðin. Þó hafa Englendirar reynt verst allra, sem ektamakar, — það skal eg sanna, hvenær sem vera vill.

Ekki lízt mér sem best á að ferd þína til að ná Islenzku manntali hér. En vist má reyna þetta. Það kostar ekkert, og er nú best að sjá, hvað landinn verður viljugur að skrásetja sig. En eg spái því, að með þessu móti verði seinfengið Islenzkt manntal í Winnipeg. Því sannleikurinn er sá, að Islendirar í þessum bæ vilja ekki svo mikið sem snúa sér við, nema fyrir peninga. Það eru peningar fyrst og peningar síðast, einsog hjá Júlíunum, enda eru þeir Júlíum í mörgu lík.

S. J. Austmann.

Íþróttir og hreyfing besta meðal við offita.

Þeir, sem eru feittlagnir, en vilja verjast offitu, verða auðvitað að gæta alls hóis í matarhefi, og forðast sérstaklega þær fæðutegundir, sem valda fitu. En í þessu efni er þó ekki hægt að fara mjög langt, því að of strangar föstur plana líkamann, svo að gagnið verður málke minna en það tjón, sem hlýst af því. — Þess vegna er það svo ómetanlegt, að þá skuli vera til alveg óskatlegt meðal við

fitumyndun, nefnilega réttilega iðkun líkamleg hreyfing. Dagleg reynska og lífsháttarlegar tilraunir hafa fyrir löngu sýnt og sannað, að það eini, sem fyrst og fremst eyðist við líkamlega áreynslu, er fitan, það er fyrst þegar áreynslan fer út fyrir viss takmörk, að eggjahvita vöðvanna fer að eyðast. — Við sjáum líka, að allir þeir menn, sem vinna stranga líkamsvinnu, eru lausir við þá of-fitu, sem oft kvelur fólk, er situr um kyrt. — Tilraunir þjóðverjans Pettenkofer's prófessors sýna, eldurfarandi úrslit: Meðalmaður, sem er 70 kíló (140 pd.) að þyngd, eyðir hreyfingarlausa að eins, 72 grömmum af fitu á dag, en ef hann vinnur líkamlega vinnu megin af deginum, þá eyðir hann 252 grömmum meira, eða 173 gr., en það verður yfir 5 kíló á mánuði, og jafnvel 6 kíló, ef vinnan er ströng.

Þetta sannað, að öll hreyfing er hlö mesta þjóðráð til að eyða fitu. Þar til má nefna gang, hlaup, fjallgöngu, leikfimi, skíða- og skautahlaup, róður, tennis, dans og aðrar íþróttir. — Hittastig loftans og kleðbúnaðar hafa einnig mjúkil áhafi. Því kaldara, sem er á líkamnum, því örari verður elna-breytingin í líkamnum. — Þegar menn byrja að temja sér svona hreyfingar, þá verður að gæta alls hóis í byrjun, og ekki vera of ákafur. Best er að láta laknir rannsaka hjarta sitt nákvæmlega áður. — Sé nú nreyfingin höfð matuleg, svo að ekki komi nein andþeygsl eða ofþreita, þá ekki einungis minnkar fitan, heldur vaxa líka vöðvarnir, og líffærin öll og heilinn starfar nú með meira krafti. — Feittlagið fólk, sem að öðru leyti er sterkbygt, atti helst að ganga 1 til 2 kl. tíma á undan hverjum morgunverði. Til þess að mæla gagnið, er hinn svonefndi skrefmælir (pedometer) ágætur, hann er í laginu einsog úr, og sést á honum skrefatalið. Á slíkum mæli sést greinilega, hvernig þrótturinn vex við æfinguna, svo að þá 3—5000 skref, sem menn byrjuðu á, geta smám saman orðið 20.000 og þar yfir á dag.

Þar íþróttir, sem áður er greindar og ýmsar fleiri, sem reknar eru á réttan hátt, eru einsog dæmin sýna, mjög hentugar til megrunar. Knattspyrna er ein af þeim mjög iðkuðu íþróttum, og ágætt megrunameðal, en það er ekki ráðlegt nema fyrir vel hrausta menn, að iðka þá íþrótt, vegna hinna miklu hlaupa og ökölu og snöggur hreyfinga. Þá er sundið síðast en ekki síst bæði holl og fögur íþrótt. — Fyrir fólk, sem er ónýtt að ganga, er reið algöf. Hjólréiðar eru á gætar fyrir feitt fólk, sem hefir heilbriggt hjarta (sú hreyfing reynir tilúhvært á hjartað), þó er ekki vert, að hjóla hraðara en sem svarar 8 kíló. Á klukkutímanum, og láta sér nægja með 30 kíló. á dag. — Ef veðurlag eða aðrar ástæður banna hreyfingar úti, má brúka inni-leikfimi og nudd, einkum á vetrinum, og eigi má láta nokkurn dag líða svo, að ekki sé viðhöfð einhver líkamshreyfing. — ("Árvakur).

Smávegis.

Hvað verður af bókunum?

Þýkt blað segir svo frá: A þýskalandi einungis eru gefnar út árlega 30.000 bækur. Átli maður, að hver bók sé að jafnaði 10 arkir (100 bls.) og upplagið sé að meðaltali 1000 eintök, fer maður út um 300 milljónir prentaðar arkir. Væri bókunum raðað hverri við aðra mundu þær þekja flöt, sem væri á stærð við Genfer-vatnið, eða hertogadæmið Sachsen-Koburg.

Væri bókunum raðað í skáp, mundi þurfa 14.000 herbergi af venjulegri stærð, og húsaleigan eftir þau yrði um 3 milljónir marka.

Nokkur hluti bókana fer til útlanda (er í stað þeirra er nokkuð flutt inn af bókuum aftur), — aðrar eru geymdar í bókasöfnum og hjá bókaávinum, — en meiri hlutinn lendir vanalega hjá pappirsverksmiðjunum aftur, með því það þykir fullsannað, að óprentaðar pappír sé eflaust verðmeiri en sá, sem prentað hefir verið á.

Heimablaðið "Times"

er pappirsrekt í meira lagi. Það hefir keypt skóflæmi í Kaliforníu, á stærð við Sjáland, og er þar nú risinn upp þar, með 500 íbúum, sem eru ýmist skógarhöggsmenn eða sögunarmenn.

Trén, sem höggvin eru, eru flutt til Englands á sérstökum skipum, og er þar búinn til pappír úr þeim fyrir blaðið. Átlað er, að skógarflæmi þetta muni ekki endast nema nokkur ár, því Times eyðir daglega um 300 trjástöfum í pappír.

Hvað endast skógarnir lengi með því móti?

Meimans yngsti organleikari, er vafalaust organleikarinn við hina miklu kaþólsku dómkirkju í Leeds á Englandi. Hann er að eins 11 ára. Það vakti undrun mikla, þegar þessi drengur var tekinn fram yfir marga umskjendur um svo mikils metna stöðu. En hann fékk hana einungis vegna sinna fráberu hæfileika. Átta ára gamall gaf hann út nokkur lög fyrir orgel eftir sjálfan sig, sem vöktu allmikla eftirtekt.

Aldarafmæli.

Í Englandi og Bandaríkjunum búa menn sjó undir nú, að halda hátíðlegt 100 ára fríðarafmæli milli ríkjanna. Hátíðarandinn ætla að kaupa Sulgravehúsið við Hambury til minningar um fríðinn. Það er hið gamla ódal Washington-ættarinnar. — Washington, stofnandi og forfari fríðisshetju Bandaríkanna, er þar fæddur, var hann sonur auðugs bónda. Flutti áttin 1657 til Ameríku.

Kringum hnöttinn.

Nýlega sendi dagblaðið Times í New York af stað símskeyti, sem var 6 bókstafir. Fór það kringum hnöttinn og kom aftur til blaðsins eftir 16 mín. 13 sek.

Húfur úr gleri.

Glervöruverksmiðja í Feneyjum hefir búið til mörg þúsund húfur úr gleri handa kvenfólki. Er sagt, að þær liti mjög vel út og einsog þær væru úr silki. Auk þess eru þær vatnsþéttar.

Vatnsmagn jarðarinnar

Það er alment álit, að jurta- og dýra-lif á sumum reikistjörnum sé útdautt eingöngu af vatnsskorti, og eins muni fara á þessum hætti. Halðass hefir reiknað út, að allt vatnsmagn jarðarinnar nemi 1934 mil. téningsstíkkum, af því er vatnsmagn hafnsins 1300 mil. Í því er ógrynni af gulli, en vegna þynningarinnar getur enn ekki borgað sig, að vinna það. Í heimskautalimum er 3½ mil. í vötnum ¼ mil. í fljótum 50 þús. í gufuhvolfinu 12.300, en í snjónum einungis 240 téningsstíkkum af vatni.

Ritlaun fyrrum og nú.

Milton (1608—1674) fékk hér um bil 144 kr. fyrir kvæði sitt alt "Paradisarmissi". Goldsmith (1728—1774) fékk hér um bil 1280 kr. fyrir skáldsögu sína "Prestinn á Vökuvöllum". En nútíðarskáldið Rudyard Kipling fær 90 ára fyrir hvert orð, er hann ritar. Og blaðið London Mailhefir nýlega borgað 235 kr. fyrir hvert orð í kvæði nokkru í blaðinu. Tímarnir breytast!

Rauði hundurinn.

Borgarstjóri í smáborg einni í Wurttemberg hataði jafnaðarmenn alskaplega, og veitti tveim bæjarfulltrúum þunga áminningu fyrir það, að þeir komu á fund hans með rauð hálsbindi. Borgarstjóri átti hvítan hund, og hvarf hann daginn eftir komu bæjarfulltrúanna. Hundurinn kom aftur heim 24 stundum síðar ómeiddur, en hafði skift litum. Nú var hann hárauður með blóðrautt hálsband og rautt linkyni í rófunni. Borgarstjóri náði ekki upp í nefið á sér fyrir vonsku, en bæjarbúar veltust um af hlátri.

HERBERGI TIL LEIGU
Stórt og gott uppblíð herbergi til leigu að 630 Sherb.
Str. Telephone Garry 270.
Victor B. Anderson

HERBERGI TIL LEIGU
Að 674 Alverstone stræti fást tvö björt og þægileg herbergi; annað er stórt, hitt minna; öll nútíma þægindi húsa eru inni. Fæði fæst af óskað er. Stórt og vandað svefnbalcony fæst einnig í sama húsi. Reglusannt og þrífð fólk einungis tekið inn. Rentu skilmálar sanngjarnir.

Talsími Garry 4161 133

Öryggis rakhnjar skerftir

Fyrir 12 einingjuð blöð 25c
Gilletts og öll tveggjuð blöð 35c. Reynið aðferð vora í eitt skifti og sjáið hvað við getum gert.

E. M. Good & Co.
263 Notre Dame Ave.
á milli Grace kirkjunnar.

Tuttugu ára orðstír að baki

BLUE RIBBON TEA

Það bendir á bríðalaust ágæti, og skýrir hví eftirspurnin hefir ávalt vaxið um allan þenna tíma.

Sendið auglýsingu þessa og 25 cent fyrir Blue Ribbon matreiðslubók. Skrifð nafn yðar og heimilisfang skýrt.

Things bought for the home last for years.

Við unnum öll þægilegum, aðlöðandi heimilum, en vér skiljum ekki til fullnaust hve mikinn hátt nútíðar húsmunir eiga í því að gera heimilin aðlöðandi. Nú á dögum er það nauðsynlegra en áður fyrr að skreyta húsin að innan með völdum og smekklegrum innanbúumunum.

Vorðið eins og býður mönnum að þrýða og skreyta heimilin. Vér höfum til sýnis mjög aðlöðandi og verðmæta bluti. Komist og ráðfærð yður við oss um húsmuni yðar.

Stærsta húsgagna búð Winnipeg
Vorurnar þær bestu. Verðið lágt.

J. A. BANFIELD

Áreiðanlegu húsgagna-salarnir

492 MAIN STREET PHONE GARRY 1680

Kaupið vöru framleidda í Winnipeg

Smásölu kaupmenn borgarinnar, hafa til sýnis alskonar vöru framleidda í Winnipeg, — vikuna 11—17 Maf. Þá hafið þér tækifæri að skoða hina mismunandi hluti sem framleiddir eru af vöru eigin fólki í vorri eigin borg.

PURITY FLOUR er framleitt í Winnipeg (St. Boniface), kemur frá stærstu einingargræmum í brezka ríkinu. Varfærni í framleiðslu PURITY mjóls og annara PURITY afurða, er yður sönnun þess að gæðin eru ávalt hin sömu. PURITY er mælikvarði Canada.

"Meira brauð og betra brauð"

VICO

Hið sterkasta gjöreyðingar lyf fyrir skordýr

Bráðdrepur öll skorkvíkandi svo sem, veggjalfs, kokkerlak, maur, fló, melfögur, og alskonar smákvíkindi. Það eyðileggur eggin og lírtuna, og kemur þannig í veg fyrir frekari óþægindi.

Búist til af

PARKIN CHEMICAL CO.
400 McDermot Avenue
Phone Garry 4254 Selt í öllum betri lyfjabúðum. WINNIPEG